Í stofunni í dag

Gunnhildur Einarsdóttir hörpuleikari og Kristjana Helgadóttir þverflautuleikari koma fram á stofutónleikum á Gljúfrasteini í dag í óvæntum forföllum Unu Sveinbjarnardóttur fiðluleikara. Þær stöllur léku á Gljúfrasteini um verslunarmannahelgina og var þá húsfyllir.

Gunnhildur og Kristjana hófu samstarf sitt þegar þær stunduðu báðar nám í Tónlistarháskólanum í Amsterdam. Þær hafa stundað nám og störf á tónlistarsviðinu víða um heim og leika í ýmsum hópum sem starfa bæði hér á landi og erlendis. Saman leika þær bæði í Tríó Artis, sem árlega kemur fram á nýárstónleikum í Mosfellskirkju, og í tónlistahópnum „adapter“ sem hefur sérhæft sig í flutningi samtímatónlistar og hefur frumflutt fjölda tónverka.



FLAUTA OG HARPA Á GLJÚFRASTEINI Kristjana Helgadóttir og Gunnhildur Einarsdóttir halda aðra stofutónleika.

Tónleikarnir hefjast kl. 16.

5
LISTAMENN
Í GRÓTTU
www.eiland.is
EI LAND
OPIÐ:
Í DAG 12.00 - 18.30
Á MORGUN 13.00 - 19.00
ÞRIÐJUDAG 14.00 - 20.00
ÞRI. 15.00 - 21.00
SJÓVÁ



LISTAMANNASPJALL Í HAFNARHÚSI Eggert Pétursson listmálari ræðir um blómin og listina við Halldór Björn Guðmundsson listfræðing.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Blóm og olía Eggerts

Listasafn Reykjavíkur býður til listamannaspjalls í Hafnarhúsinu kl. 15 í dag þar sem Halldór Björn Guðmundsson listfræðingur og Eggert Pétursson listmálari munu spjalla um margrómuð málverk Eggerts af íslenskri flóru.

Eggert Pétursson er meðal listamanna sem eiga verk á sýningunni Carnegie Art Award 2006 sem stendur yfir í Hafnarhúsinu til 20. ágúst. Eggert er annar Íslendingurinn til að hljóta verðlaun frá Carnegie Art Award sjóðnum en hann hafnaði í öðru sæti.

Á undanförnum árum hafa olíumálverk Eggerts af blómum og plöntum úr íslenska jurtaríkinu vakið gríðarlega athygli, en Eggert hefur einstaka hæfileika til að laða fram nákvæma eftirmynd af hinni fjölbreyttu, litríku og smágerðu flóru landsins. Eggert er einnig viðþekktur fyrir fínlegar teikningar og litmyndir af blómum og jurtum í bókinni Íslensk flóra.

Carnegie listaverðlaunin eru ein stærstu myndlistarverðlaun heims en þeim er ætlað að styðja við framúrskarandi listamenn á Norðurlöndunum. Á sýningunni í Hafnarhúsinu má sjá tæplega fimmtíu verk eftir 21 listamenn en auk Eggerts eiga íslensku listamennirnir Finnbogi Pétursson, Jón Óskar og Steingrímur Eyfjörð verk á sýningunni.

OPIN SAMKEPPNI

UM NÝJAR HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS
OG DEILISKIPULAG KIRKJUSANDSREITSINS

Glitnir efnir til opinnar tveggja þrepa samkeppni um hönnun höfuðstöðva bankans og um tillögu að deiliskipulagi á tæplega 6 hektara lóð fyrir Glitni og samrýmanlega atvinnustarfsemi. Samkeppnin fer fram í samvinnu við Arkitektafélag Íslands og samkvæmt samkeppnisreglum þess.

Allir sem greiða skráningargjald að fjárhæð EUR 100 hafa rétt til þátttöku á fyrra þrepi samkeppninnar og skulu þeir leggja fram tillögur sínar til lausnar verkefnisins. Á síðara þrepi samkeppninnar verða 4–6 aðilar valdir til að þróa áfram tillögur sínar. Nafnleynd verður ekki rofin fyrr en lokið verður við að dæma bæði þrep keppninnar. Stefnt er að því að sá aðili (hópur) sem vinnur samkeppnina starfi áfram í nánu samstarfi við verkkaupa og hlutdeildarfélag hans að hönnun höfuðstöðva Glitnis og skipulagningu svæðisins.

VERKEFNIÐ

Verkefnið felur annars vegar í sér gerð deiliskipulags á Kirkjusandsreitnum og hins vegar tillögur að nýjum höfuðstöðvum Glitnis. Gert er ráð fyrir að uppbyggingin verði áfangaskipt sem greint verður nánar frá í samkeppnisgögnum. Lóðin er alls 5,7 hektarar að stærð. Meginhluti lóðarinnar verði skrifstofubyggingar með nýtingarhlutfalli allt að 1,9 eða liðlega 90 þúsund fermetrar, þar af eru núverandi höfuðstöðvar um 7 þúsund fermetrar. Í samráði við Reykjavíkurborg verða að minnsta kosti 8.500 fermetrar af lóðinni skipulagðir fyrir lágreista íbúðabyggð með nýtingarhlutfalli 0,7. Við gerð skipulagstillagna er gert ráð fyrir að stærsti hluti bílastæða nýbygginga sé ekki sýnilegur. Aðkoma að deiliskipulagsreitnum verður frá Borgartúni og Kirkjusandi. Gert er ráð fyrir að nýjar höfuðstöðvar Glitnis verði að fullu teknar í notkun árið 2009.